

Mannauðsstefna

Inngangur

Ósar hf. og dótturfélög þess, Icepharma hf., Parlogis hf. og LYFIS ehf., hér eftir kallað Ósar, er félag á sviði lýðheilsu og heilbrigðis.

Hjá samstæðunni starfa um 180 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf, vörustjórnun og dreifingu.

Dótturfélög Ósa eru og hafa verið í fararbroddi á íslenskum neytenda- og heilbrigðismarkaði frá árinu 1919. Kjarninn í starfsemi þeirra er að auka lífsgæði og stuðla að heilbrigðum lífsstíl með öflugum framboði af heilsuefandi vörum og framúrskarandi þjónustu.

Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

Þessari mannauðsstefnu er ætlað að tryggja sameiginlega sýn starfsmanna og stjórnenda á Ósa og dótturfélög sem vinnustað og lykiláherslur í starfi fyrirtækjanna. Meginmarkmið hennar er að byggja upp traustan og framsækinn vinnustað sem dregur að, eflir og heldur í hæft starfsfólk. Endurskoða skal stefnuna á fjögurra ára fresti.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á gerð aðgerðaáætlunar sem tryggir framkvæmd stefnunnar og eftirfylgni með framkvæmd hennar. Endurskoða skal aðgerðaáætlunina árlega.

Mannauðsstjóri og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á því að þessari stefnu sé framfylgt.

1. Vinnustaðarmenning

Vinnustaðurinn hefur víðtæk áhrif á líf okkar. Því er mikilvægt að skapa starfsumhverfi sem stuðlar að vellíðan og heilbrigði starfsfólks.

Vinnustaðarmenning okkar einkennist af jákvæðum og hreinskiptnum samskiptum, trausti og samvinnu.

Áhersla er lögð á gagnkvæma virðingu og skapandi umræðu um verkefni og vinnustaðinn þvert á deildir og svið. Við miðlum upplýsingum okkar á milli og lærum hvert af öðru.

Við sem störfum hjá Ósum:

- erum árangursdrifin, fagleg og með ríka þjónustulund gagnvart innri og ytri viðskiptavinum
- nýtum krafta okkar öllum í hag; viðskiptavinum, samstarfsaðilum, fyrirtækinu, samstarfsfólki og okkur sjálfum
- þroskum okkur faglega og persónulega og uppfyllum þær væntingar sem gerðar eru til okkar
- hugsum í lausnum, göngumst við mistökum okkar og lærum af þeim, hjálpumst að og tökum hugmyndum annarra og uppbyggilegri gagnrýni með jákvæðu hugarfari
- tökum ábyrgð á eigin heilsu og vellíðan og virðum okkar persónulegu gildi og mörk
- virðum og nýtum vel tíma okkar og annarra, forgangsroðum verkefnum eftir mikilvægi og bregðumst hratt og vel við þegar þess er þörf
- stöndum vörð um vinnustaðinn, myndum sterka og árangursdrifna liðsheild og leggjum okkar af mörkum til að skapa góðan starfsanda og auka starfsánægju.

2. Samstarf og starfsþróun

Við tökum vel á móti nýju starfsfólki og hjálpum því að kynnast starfinu og vinnustaðnum með þátttöku reyndari starfsmanna.

Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði og svigrúm til að vaxa og þróast í starfi með fræðslu, þjálfun og stuðningi stjórnenda og samstarfsfólks. Í ráðningarferli er horft til þess hvort hæfir einstaklingar séu á meðal núverandi starfsmanna, þar sem hið nýja starf gæti verið liður í starfsþróun viðkomandi starfsmanns.

Skýr markmið og ábyrgð eru mikilvægir þættir til starfshvatningar, aukins árangurs og ánægju í starfi. Boðleiðir verða að vera skýrar og starfs- og ábyrgðarsvið hvers og eins vel skilgreint.

Við nýtum nýja þekkingu í störfum okkar, miðlum til annarra, og tryggjum þannig árangur af þeirri þjálfun og fræðslu sem fjárfest er í.

3. Stjórnun

Stefna Ósa er skýr og stjórnendur skulu tryggja að henni sé fylgt, með vel skilgreindum markmiðum og mælikvörðum á árangur. Stjórnendur skulu ávallt leitast við að halda starfsfólki vel upplýstu um stefnu, markmið og árangur fyrirtækisins.

Hlutverk stjórnenda er að vera leiðtogar og góðar fyrirmyndir með því að:

- tryggja að starfsfólk hafi verkefni við hæfi og viti til hvers er ætlast af þeim
- vera vakandi fyrir skoðunum starfsfólks og bera virðingu fyrir þeim
- veita starfsfólki nægilegt sjálfstæði, en styðja og leiðbeina þegar þörf krefur
- veita starfsfólki reglulega endurgjöf um hlutverk þess, markmið og árangur í starfi
- taka skjótt og örugglega á áskorunum og hindrunum
- halda starfsfólki vel upplýstu um rekstrarárangur og helstu innri og ytri þætti sem varða starfsemina
- skapa umhverfi þar sem starfsfólk hefur forsendur til að sinna starfi sínu eftir bestu getu og tækifæri til að þróast og vaxa í starfi.

4. Jafnræði og virðing

Allt starfsfólk skal eiga möguleika til að nýta hæfileika sína og vaxa í starfi.

Gæta skal jafnræðis við ráðningar, launaákvörðanir og starfsþróun og faglegri nálgun beitt til að velja hæfustu einstaklingana með þá menntun og hæfni sem störf krefjast. Laun og kjör skulu taka mið af inntaki starfa og ábyrgð, reynslu, hæfni og árangri. Leitast er við að hafa kynjahlutföll sem jöfnust á öllum starfssviðum.

Við umgöngumst hvert annað af virðingu og sýnum samkennd í verki. Framkoma sem veldur öðrum vanlíðan er ekki liðin undir neinum kringumstæðum.

Vinnustaðurinn ber virðingu fyrir einkalífi starfsmanna. Leitast skal við að vinnufyrirkomulag stuðli að jafnvægi milli vinnu og einkalífs og henti skyldum starfsmanns, bæði við fyrirtækið og fjölskyldu. Það er gert með sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þar sem því verður við komið og að sama skapi erum við sveigjanleg gagnvart fyrirtækinu, samstarfsaðilum og samstarfsfólki.

Góður árangur og ánægja í starfi er markmið okkar allra.